

## Fundargerð 417

Föstudaginn 22. ágúst 2014 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1 á Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Ásthildur Sturludóttir, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu á fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 7-11), Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir (við dagskrárlið 3), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs (við dagskrárliði 1-5), Sveinbjörn Sveinbjörnsson endurskoðandi (við dagskrárlið 6) og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:04. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna samkvæmt starfsáætlun
3. Brothættar byggðir
4. Verkefni samkvæmt byggðaáætlun
5. Húsnæði Byggðastofnunar
6. Árshlutareikningur janúar – júní 2014
7. Greinargerð Ernst & Young um yfirferð á athugasemdum innri og ytri endurskoðenda
8. Fundargerð lánanefndar
9. Kynning á starfsemi AVS rannsóknarsjóðs í sjávarútvegi
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 416. Að gerði grein fyrir niðurstöðu kauptilboðs í Skúlagötu 17. Fundargerðin samþykkt og dreift til undirritunar.

### 2. Staða verkefna samkvæmt starfsáætlun

AP og SBS fóru yfir starfsáætlunina. Undirbúningur fyrir starfsáætlun ársins 2015 verður rædd á næsta stjórnarfund. Spurst var fyrir um stöðu mála varðandi sóknaráætlanir landshluta og landshlutanefndina fyrir Norðurland vestra sem skipuð var af forsætisráðherra 26. maí síðast liðinn.

### 3. Brothættar byggðir

SKP kom á fundinn og fór yfir stöðu verkefnisins Brothættar byggðir og kynnti þær umsóknir sem bárust um þátttöku í verkefninu. Umsóknarfrestur var 15. maí sl.

Umsóknir bárust fyrir eftirfarandi byggðarlög/sveitarfélög:

- Árneshrepp

- Dalabyggð
- Flateyri
- Grímsey
- Hofsós
- Hrísey
- Kópasker
- Strandabyggð
- Suðureyri
- Þingeyri

Næsta skref verður að funda með heimamönnum og verður í framhaldinu komið með tillögur á næsta fundi stjórnar um hvaða byggðarlög verða fyrir valinu.

AP sagði frá kynnisferð sem farin var til Noregs þar sem starfsfólk Byggðastofnunar kynnti sér verklag svæðisbundinnar sóknar í atvinnumálum.

#### 4. Verkefni samkvæmt byggðaáætlun

AP SBS og ÞB ræddu samstarf við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um aðgerðir sem tengjast viðfangsefnum á Byggðaáætlun 2014-2017, en ráðuneytið hefur óskað viðhorfa stofnunarinnar til forgangsróðunar verkefna og helstu áhersluatriða í áætluninni. Framundan er vinna að starfsáætlun Byggðastofnunar og þar verða áherslur byggðaáætlunar settar í öndvegi.

#### 5. Húsnæði Byggðastofnunar

AP fór yfir minnisblað um húsnæðismál stofnunarinnar og fór yfir vinnu sem Framkvæmdasýsla Ríkisins (FSR) vann fyrir stofnunina. Það er niðurstaða FSR að húsnæðisþörf stofnunarinnar sé 700 m<sup>2</sup> en starfsmenn telja hana 800 m<sup>2</sup>. Að mati FSR er lítill munur, sé miðað við 25 ára tímabil, að leigja eða byggja nýtt húsnæði. Þó virðist leigusamningur um núverandi húsnæði vera mjög óhagstæður og mælir FSR með því að reynt verði að ná hagstæðari samningi ef ákveðið verður að stofnunin verði áfram í núverandi húsnæði.

Lagt er til að starfsmannþörf næstu ára verði metin í ljósi breyttra aðstæðna, og stjórnendur ásamt fulltrúum FSR og fjármála- og efnahagsráðuneytisins ræði síðan við leigusala og kanni möguleika á stærra húsnæði og lækkun á húsaleigu. Gangi það ekki þá verði kannað hvort möguleiki sé að láta byggja skrifstofuhúsnæði eða stofnunin byggji sjálf slíkt húsnæði undir starfsemi sína.

Fundi frestað kl. 12:23 og framhaldið kl. 13:00

## 6. Árshlutareikningur janúar – júní 2014

AÐ hafði inngang að árshlutareikningi janúar til júní 2014.

SS fór í gegnum árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar til júní 2014. Hagnaður tímabilsins er 75,3 mkr. Eignir 14,5 milljarðar, skuldir 12,1 milljarðar og eigið fé 2,4 milljarðar. Eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins er 16,36%

Dreift var fundargerðum nr. 20 og 21 frá endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar sem hafði farið yfir árshlutauppgjörið.

Farið var yfir sundurliðun á almennum rekstrarkostnaði, rekstri fullnustueigna, afskriftarreikningi og hlutafé.

Formaður bar upp árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar til júní 2014 og var hann samþykktur samhljóða og dreift til undirritunar.

MH fór yfir minnisblað um stöðu gjaldeyrisjöfnuðar 30. júní, en brugðist hefur verið við auknum mun á milli eigna og skulda í evrum.

SS vék af fundi.

EGK fór yfir stöðu lánasafnsins 30. júní og skiptingu eftir landshlutum, atvinnugreinum, stöðu vanskila og skiptingu eftir myntum.

## 7. Greinargerð Ernst & Young um yfirferð á athugasemdum innri og ytri endurskoðenda

AÐ fór yfir greinargerð frá Ernst & Young um yfirferð á athugasemdum innri og ytri endurskoðenda sem gerðar voru í skýrslum þeirra vegna ársreiknings stofnunarinnar.

## 8. Fundargerð lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 19/14, 14. ágúst 2014

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina

...

...

Stjórn samþykkir að breyta ákvæði um kynslóðaskiptalán þannig að þau nái einnig til framkvæmda sem eru nauðsynlegar til að stuðla að búsetu á jörðum.

...

...

## 9. Kynning á starfsemi AVS rannsóknarsjóðs í sjávarútvegi

Frestað.

## 10. Önnur mál

### *Íbúðalánasjóður*

Formaður ræddi um mögulega aðkomu Byggðastofnunar að fasteignafélagi sem gæti keypt og selt íbúðir á veikum svæðum þar sem skortur er á húsnæði þrátt fyrir að húsnæði standi tomt.

### *Styrkir*

Formaður ræddi möguleika á að veita styrki af óráðstöfuðum framlögum stofnunarinnar. Beðið er svara Ríkisendurskoðunar varðandi heimildir Byggðastofnunar til að ráðstafa framlögum.

...

...

## 11. Næsti fundur

Næsti fundur verður laugardaginn 20. september á Patrekfirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20

Magnús Helgason, fundarritari

---



---



---



---



---



---

